

Nd.

218. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 27. sept. 1901 um bólusetningar.

Nefndin, sem var skipuð til að athuga þetta mál, hefir fallist á, að nauðsyn beri til að hækka kaup fyrir bólusetningar, sjerstaklega í minni kaup-
túnum og sveitum. Bólusetningar á þeim stöðum eru yfirleitt erfiðari og kostn-
aðarsamari en í fjölmennum kauptúnum.

Að þessu leyti felst því nefndin á tillögur frumvarpsins. En á hinn
bóginn þykir nefndinni ekki rjett, að kaup fyrir bólusetningar yfirleittsje mis-
jafnt eftir því, hvort bólan kemur út eða ekki, þar sem það venjulega ekki
geti talist á valdi bólusetjara, hvern árangur bólusetningar hafa, enda sli^k
launaaðferð algerlega óþekt við önnur opinber störf hjer á landi.

Nefndin leggur því til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið
með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. mgr.: Í stað: »25 aurar« komi: 20 aurar.
2. Við sömu gr. og mgr.: Í stað orðanna: »hafi bólan komið út, en að öðr-
um kosti 10 aurar« komi: en í minni kauptún-
um og sveitum skal borgunin vera 35 aurar.
3. 3. mgr. 1. gr. falli burt.

Neðri deild Alþingis, 12. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Jón Jónsson.
Eggert Pálsson,
skrifari.

Halldór Steinsson,
framsögumaður.

Ósamþykkur breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar, og legg til
að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ólafur Briem.